

1255. Stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 7. desember 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Jónas Yngvi Ásgrímsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Fjarverandi: Ragnar Þór Ingólfsson.

Næsti fundur: 13. desember 2023

Boðað var til aukafundar stjórnar VR til að ræða erindi frá Gildi – lífeyrissjóði sem barst stjórn, dagsett 4. desember 2023 og varðaði formann VR. Varaformaður VR, Selma Björk Grétarsdóttir, stýrði fundi í fjarveru formanns sem var vanhæfur til að fjalla um erindið.

Selma Björk setti fund og bauð stjórnarfólk velkomið. Selma Björk fór yfir að stjórninni hafi borist bréf frá framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Gildi – lífeyrissjóðs þar sem formlega er kvartað yfir framgöngu formanns VR í tengslum við mótmæli við skrifstofur Gildis þann 30. nóvember sl.

Í bréfinu segir að starfsfólk sjóðsins hafi upplifað ógnandi hegðun af hálfu mótmælenda og ekki upplifað sig örugg á vinnustaðnum. Sjóðurinn óski eftir því að VR grípi til viðeigandi aðgerða til að tryggja hagsmuni félagsfólks VR í samræmi við og með hliðsjón af 1. gr. [siðareglna VR](#).

Þá barst stjórnarfólki einnig greinargerð frá Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR, þar sem hann gerir grein fyrir sínum sjónarmiðum, um greinargerð formanns gildir trúnaður.

Selma Björk sagði mikilvægt að stjórn svari bréfi Gildis og benti á að aðrir aðilar hafi þegar komið með viðbrögð við því sem þar er sagt.

Selma Björk gaf því næst orðið laust.

Umræður.

Í umræðum las Sigríður Lovísa Jónsdóttir upp sjónarmið félagsfólks VR hjá Gildi vegna atburðanna, eins og þau komu fram í bréfi sem henni barst. Að ósk félagsfólksins er trúnaðar gætt um innihald bréfsins.

Þórir Hilmarsson gerði athugasemd við að stjórn hafi ekki haft tækifæri til að skoða öll gögn málsins fyrir fundinn til að geta betur myndað sér skoðun.

Í umræðum lagði Halla Gunnarsdóttir fram tillögu að svari við bréfi Gildi og var eftirfarandi tillaga samþykkt á fundinum eftir umræður og breytingar (þ.m.t. yfirlestur):

„Stjórn VR hefur móttengið kvörtun frá framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Gildis – lífeyrissjóðs vegna framgöngu formanns VR í sambandi við mótmæli sem boðað var til við skrifstofu Gildis 30. nóvember sl. Stjórn VR hefur fundað um málið undir forystu varaformanns. Á fundinum fór stjórn yfir framangreint erindi og sjónarmið formanns VR, auk þess sem lesin voru upp sjónarmið frá félagsfólki sem starfar hjá Gildi.

Stjórn VR tekur upplifun félagsfólks VR alvarlega og harmar að það hafi upplifað óöryggi og ógnandi hegðun í tengslum við mótmælin 30. nóvember sl. Trúnaðarmaður VR hjá Gildi hefur haft samband við félagið og munu sérfræðingar á kjaramálasviði veita starfsfólki Gildis alla þá aðstoð sem unnt er og óskað er eftir, hvort sem er í hópi eða til einstaklinga. Stjórn átti ekki aðkomu að mótmælunum og hefur beint því til formanns að tryggja að mótmæli sem hann hefur forgöngu um fari fram af virðingu og nærgætni gagnvart félagsfólki VR og öðru almennu starfsfólki. Í ljósi beiðni um að málið sé skoðað með hliðsjón af siðareglum VR, vill stjórn VR taka fram að hún telur ekki ljóst að um brot á siðareglum VR sé að ræða. Stjórn telur að formanni hafi gengið það eitt til að koma mótmælum sínum á framfæri og að það hafi verið gert af góðum hug.

Stjórn VR stendur fyllilega að baki greinar formanns VR sem birtist á vef VR 17. nóvember sl. undir yfirskriftinni „Faraldur ofbeldis og áreitni“. Krafa VR er og verður skýr að öryggi launafólks sé tryggt í hvívetna.“

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir fór af fundi um kl. 19:30.

Jónas Yngvi Ásgrímsson fór af fundi um kl. 19:45.

Vala Ólöf Kristinsdóttir óskaði eftir umræðum á næsta stjórnarfundum um að formaður VR geti ekki né megi vera í forsvari mótmæla í nafni VR sé ekki um að ræða mótmæli á vegum félagsins.

Samþykkt var að Selma Björk sendi svarbréf að ofan til Gildis fyrir hönd stjórnar VR.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.